
NAFN LISTAMANNSINS SKIPTIR EKKI MÁLI

VIÐTAL: EINAR FALUR INGÓLFSSON

AÐSÓKN að sýningunni á verkum Yoko Ono í vestursal Kjarvalsstaða hefur verið ákaflega góð, og sama má segja um aðsókn að sýningunni í austursalnum, þar sem sýnd eru verk listamanna sem tengdust Fluxus-listhreyfingunni. Norski listfræðingurinn Ina Blom sá um uppsetningu Fluxus-sýningarinnar, en Bandaríkjamaðurinn Jon Hendricks valdi verkin á sýningu Yoko og annaðist uppsetningu þeirra. Kynni þeirra Jons og Yoko hafa staðið allt frá sjöunda áratugnum, og hefur Jon annast uppsetningu nokkurra sýninga fyrir hana síðustu árin. Jon tengist Fluxus-hreyfingunni náið, því hann hefur skrifað mikla bók um Fluxus. Þá er bróðir hans Geoffrey einn af kunnari listamönnum hreyfingarinnar og á verk á Kjarvalsstöðum, og síðast og ekki síst er Jon sjálfur starfandi listamaður.



Morgunblaðið/Einar Falur

„Ég er ekki Fluxus-listamaður, en ég hef verið viðloðandi þá hreyfingu á ýmsan hátt, til dæmis skrifaði ég stóra bók um hana fyrir ekki löngu," segir Jon. „Með Yoko vann ég hinsvegar fyrst á sjöunda áratugnum, í kringum 1965, en þá starfaði ég við Judson Church-sýningarsalinn í New York, sem var ákaflega merkilegur staður. Ég fékk Yoko til liðs við mig, við ræddum um að vera með sýningu með einskonar umhverfislist og út úr þeim hugmyndum okkar varð samsýning með ólíkum verkum nokkurra listamanna. Síðan hef ég unnið með Yoko á ýmsan hátt gegnum árin. Fyrir nokkrum misserum bað hún mig síðan um að sjá um nokkrar sýningar fyrir sig, einskonar farandsýningu, sem þó er ætíð einstök og með nýjum verkum á hverjum stað. Síðan hef ég sett upp eða unnið við sýningar á verkum hennar í Detroit, London, Japan, Danmörku, Noregi, Ítalíu, Finnlandi og loks hér í Reykjavík."

Listamaðurinn og listfræðingurinn Jon Hendricks, sem sá um uppsetninguna á sýningu Yoko Ono

Fluxus hefur haft víðtæk áhrif

— Þessi sýning gefur yfirlit yfir feril Yoko Ono.

„Já, og sýnir vel stöðu hennar sem listamanns, framlag hennar til listarinnar hefur verið mjög mikilvægt og hún hefur haft mikil áhrif, bæði innan Fluxus og eins í konseptlist. Sem listamaður er Yoko ekki eins kunn og hún ætti með réttu að vera, svo það er mikilvægt að hafa á sýningum gott yfirlit og dæmi um ólík verk sem hún hefur unnið; konseptverk, hljóðverk, skúlptúra, orðaverk og svo framvegis."

— Hvaða áhrif hafði Fluxus-hreyfingin á aðrar liststefnur?

„Í listum hafa áhrifin birst í ólíkum hlutum, í hverskonar gerningum, pólitískri list, konseptlist, minimalisma og á einhvern undarlegan hátt hafa nýjungar áttunda og níunda áratugarins í listum farið gegnum þetta tímaskeið. Fluxus hafði áberandi áhrif út í kvikmyndagerð, í því hvernig kvikmyndin er notuð sem miðill í sjálfu sér, og það birtist einnig í myndbandalist, þar sem menn eins og Nam June Paik og Wolf Vostell eru í framlínunni; báðir mikilvægir Fluxus-menn. Samt hefur þannig haft bein áhrif en annað rennur saman við aðra strauma."

— Er enn að finna eitthvað í listum sem mætti kenna við Fluxus?

„Nei, það finnst mér ekki. Sérhver hreyfing sem upp kemur í listum á sér sitt tímaskeið, þarf að vera til á þeim tíma og síðan tekur annað við. Kúbismi þurfti að verða til á sínum tíma, í dag væri sá listamaður kjánalegur sem ynni eins og kúbisti. Menn geta nýtt sér ýmislegt úr kúbisma, og það er til dæmis gert í skúlptúrum mínimalista, en það er ekki lengur kúbismi sem stefna. Eins þurfti impressjónisminn að eiga sér stað á síðari hluta nítjándu aldar, en ef einhver gengi um götur í dag og segðist vera impressjónisti væri eitthvað að. Í dag höfum við þannig abstrakt expressjónisma, sem nýtir sér ýmislegt úr upphaflega expressjónismanum, og ýmislegt annað ... en Fluxus átti sér sitt tímaskeið um og uppúr 1960 og þurfti að ganga yfir þá. Það voru vissar aðstæður sem kveiktu líf í þeirri hreyfingu en þær eru ekki lengur til staðar.

Því er ekki hægt að segja að Yoko Ono sé Fluxus-listamaður í dag, en hún hafði mikil áhrif á hreyfinguna, á þróun hennar í upphafi og grunnhugmyndir. Þannig var hún hluti af Fluxus á sínum tíma og enn í dag er einhverskonar tilfinning frá Fluxus til staðar í verkum hennar."

Ein stærsta sýning á verkum Yoko Ono

— Í nýrri verkum Yoko er brons áberandi, hvaða stefnu hefur listsköpun hennar tekið síðustu árin?

„Um 1960 vann hún mikið með hugmyndir um and-efni; með hugmyndir og orð. Síðan, um 1962, fóru verk hennar að verða til í áþreifanlegu formi; viss verk á því tímabili voru úr bronsi, gleri og öðrum efnum sem endast vel. En það hefur alltaf verið að breytast nokkuð í hvað hún vinnur, þannig notaði Yoko fílabein í nokkur verk um 1970 og mikið plast og tré. Núna hefur hún síðustu árin unnið mikið í brons og þær raddir hafa heyrst að hún sé með því að hafna hugmyndunum um and-efniskennd listaverk frá sjöunda áratugnum, en það er alls ekki rétt, hún vann einnig í endingargóða og áþreifanlega miðla um 1970, þótt meira beri kannski á þeim í dag. Sum verka Yoko eru í samræðu, eldri verk við nýrri, og bronsið er hluti af því."

— Hvernig gekk að setja sýninguna upp hérna?

„Það hefur verið einstaklega gott að vinna á Kjarvalsstöðum, ekki er hægt að biðja um meira, bæði hvað varðar rými og alla vinnuaðstöðu. Og ég held að sýningin sé góð og verkin njóta sín afskaplega vel. Ég er mjög ánægður með útkomuna. Þetta er líklega ein stærsta sýning sem hefur verið sett saman á verkum eftir Yoko Ono, og þetta er tvímælalaust sú stærsta í þessari sýningasyrpu í Evrópu. Ég hef gaman af að setja upp sýningar, ekkert sýningarrými er eins, á hverjum stað eru ótal hlutir að takast á við og verkin taka sig aldrei eins út. Það er sérstaklega gott að fara með hluti út fyrir Kjarvalsstaði, það sést vel yfir garðinn og þá er eins hægt að sjá á milli forsalanna. Að utan má einnig sjá sum verkanna sem eru inni."

— Nú veit ég að þú fæst ekki bara við að setja upp sýningar og skrifa um aðra listamenn, heldur eru listamaður sjálfur.

„Það er rétt. Í byrjun sjöunda áratugarins var ég að mála myndir og var einnig viðloðandi svokallað Leikhús eyðileggingarinnar og ýmsar uppákomur. Þá var ég mjög stjórnmála- og félagslega sinnaður, og hver sem leiddi hugann að því hvað var að gerast á þeim árum hlaut að vera það: Víetnamstyrjöldin, kynþáttaofsóknir og svo framvegis. Mér fannst því að hver og einn þyrfti að vera virkur og taka afstöðu til atburðanna, og mér fannst að það væri ekki hægt með málverkinu. Málverk þarf nefnilega að mála, það þarf að sýna, selja, það má geyma og þetta er ákaflega langt ferli sem ekki er alveg hægt að ráða við. Ég trúði heldur ekki á sósíalrealisma eða þesshátta list sem miðil til að fjalla um vandamálin. Íslenski listamaðurinn Erró fann sér leið til að flétta saman skoðunum, ádeilu og þesshátta, einskonar pólitíska pop-list, sem gekk upp hjá honum en slíkt átti ekki við mig. Hverskonar „happenings" voru undir lok sjöunda áratugarins orðin eins og hvert annað leikhús, þeir voru gamaldags, svo árið 1969 stofnaði ég hreyfingu listamanna sem nefndist GAG (Guerilla Art Actiongroup). Við vorum með pólitískar list-uppákomur á söfnum og í stofnunum, þar sem við deildum á samfélagið, ofbeldi gagnvart konum, kynþáttafordóma, og annað slíkt sem þurfti að bæta. Á vissan hátt var það eins og lítið leikhús þar sem meðal annars voru settar á svið ýmsar aðstæður og flutt verk í orðum."



Jon Hendricks aðstoðar Yoko Ono við gerning á Kjarvalsstöðum.

Hlutverk listamanna er að tjá sig í sínu eigin samfélagi

„Á vissan hátt er ég enn að fást við hluti tengda þessu. Enn hef ég mikinn áhuga á að vinna í samvinnu við aðra listamenn og ég hef trú á nafnleysi verka, það er, að nafn listamannsins skipti ekki máli. Það kann að virðast mótsagnakennt að ég segi þetta og sé um leið að setja upp sýningu með verkum ákaflega þekkts listamanns, en Yoko er sérstök, hún hefur ætíð mætt mikilli mótstöðu og hefur þurft að berjast fyrir sínu; því hún er kona, hún er japönsk og stjarna á öðrum vettvangi en í myndlistinni, svo þar hefur hún þurft að berjast. Ég hef alltaf borið fulla ábyrgð á mínum verkum, og stundum merktum við í GAG okkur það sem við gerðum, en nafn höfundar getur stundum brenglað það hvernig fólk horfir á verk, vont verk getur orðið gott bara út á nafnið, eða getur verið ákaflega mistúlkað út á það. Fúlsað getur verið við góðu verki eftir ungan og óþekktan listamann, meðan fólk dáist að lélegu verki við hliðina, einungis vegna þess að á því er nafn einhvers frægs manns.

Fyrir mér er list ekki það sem mörgum öðrum finnst list vera: Hún er ekki neitt fagurfræðilegt heldur eitt form samskipta. Hún er form tjáningar. Síðustu tvö ár hef ég þannig unnið að því með hópi annarra listamanna að gera pólitísk veggspjöld. Við höfum verið fjögur eða fimm sem höfum tekið þátt í því, við ræðum hvað við viljum gera, við söfnum peningum til að koma því í verk, prentum 50.000 eintök og gefum þau síðan um gervöll Bandaríkin. Þessi verk eru ekki merkt okkur, en samt eru það allþekktir listamenn sem koma við sögu. Hvert veggspjald hefur kannski listrænt gildi fyrir mér í þrjár vikur eða svo, og það er nóg. Síðan getur það farið ákaflega vel á vegg og verið fallegt, en listin er háð tímanum. Um leið og listin kostar peninga, þótt það sé ekki nema 500 krónur, eru komin formerki veraldlegs verðmætis á hana.

En listaverk á að geyma, þótt gildi verkanna breytist, því af þeim má alltaf læra."

— Hefur þú haft tíma til að líta á verk íslenskra listamanna?

„Ekkert að ráði, því miður. En við Yoko fórum þó í stuttar heimsóknir í Listasafn Íslands og Nýlistasafnið og það var mjög ánægjulegt. Bróðir minn Geoffrey, sem á verk á Fluxussýningunni, hélt á sínum tíma sýningu í Nýlistasafninu. Ég hitti allnokkra íslenska listamenn, en hafði því miður ekki tíma til að skoða það sem þeir eru að gera. Ég vona að ég geti komið seinna og séð meira. Spennandi listamenn má finna alls staðar í heiminum en þeirra hlutverk er fyrst og fremst að tjá sig í sínu eigin samfélagi."